



Innviðaráðuneytið

Sölvhólsgötu 7
101 Reykjavík

Reykholti, 28. ágúst 2023
2308001 AS

Efni: Umsögn um grænbók

Af hálfu Bláskógabyggðar er rík áhersla lögð á að skipulagsvald sveitarfélaga verði ekki skert. Þar á meðal er litið til þess að sveitarfélög geti, hér eftir sem hingað til, ákveðið í gegnum skipulag hvaða svæði eru ætluð til búsetu og hvaða svæði til annarra nota. Bláskógabyggð lýsir því yfir ánægju með að sérstaklega er tiltekið í grænbókinni að þrátt fyrir að lögð sé áhersla á búsetufrelsi sé ekki verið að opna fyrir að fólk geti kosið sér búsetu utan þeirra svæða sem sveitarfélög skipuleggja fyrir íbúðabyggð. Í samfélagsumræðu um búsetu í frístundahúsum hefur hugtakið búsetufrelsi verið nýtt til að rökstyðja það að fólk eigi að geta tekið upp fasta búsetu og skráð lögheimili í frístundahúsum. Mikilvægt er því að fjallað er um þetta með skýrum hætti í grænbókinni.

Jafnframt er lýst ánægju með að samhæfa skuli stefnur og áætlanir innan ráðuneytisins. Til að búsetufrelsi, í þeim skilningi sem það er notað í grænbókinni, verði að veruleika er nauðsyn að tryggja innviði og þjónustu á landsbyggðinni. Þar undir falla, auk þeirra málaflokka sem tilheyra ráðuneytinu, mikilvægir málaflokkar sem önnur ráðuneyti fara með, þar á meðal heilbrigðismál. Nauðsynlegt er að stefnumótun í þeim málaflokkum fari saman við stefnumótun ráðuneytisins um búsetufrelsi, ella verða lífsgæði íbúa á landsbyggðinni mun lakari en á þéttbýlustu stöðum landsins.

Í grænbókinni er fjallað um þjóðhagslega mikilvæga innviði og þær breytingar sem gerðar voru á skipulagslögum í maí 2023 til einföldunar skipulags- og leyfisveitingaferlis vegna uppbyggingar á flutningskerfi raforku. Bláskógabyggð telur mikilvægt að ríkt samráð sé við viðkomandi sveitarfélög í þeim tilvikum þar sem um er að ræða innviði sem teljast þjóðhagslega mikilvægir og að gætt sé að skipulagsvaldi þeirra.

Fjallað er um náttúruverndarsvæði og óbyggð víðerni í grænbókinni. Af hálfu Bláskógabyggðar er lögð áhersla á að uppbygging meginþjónustu á hálendinu fari fram á svæðum sem þegar hafa verið skilgreind sem hálendismiðstöðvar. Áhersla er á að ríkt samráð verði haft við sveitarfélög vegna hugmynda um stofnun þjóðgarðs á friðlýstum svæðum og jöklum.

Hvað varðar nýtingu lands í dreifbýli þá er jákvætt að mótaðar verði enn frekari leiðbeiningar um hvernig beri að móta stefnu í aðalskipulagi á grundvelli flokkunar landbúanaðarlands. Með tilliti til matvælaöryggis er mikilvægt að land sem hentar til ræktunar verði ekki ráðstafað til annarra nota með óafturkræfum hætti. Einnig er tekið undir að brýnt sé að vernda líffræðileg fjölbreytni og takmarka rask vistkerfa af völdum aðgerða á sviði landgræðslu og skógræktar. Mikilvægt er einnig að huga að áhrifum skógræktar á landslag.

Virðingarfyllt,

Ásta Stefánsdóttir

Sveitarstjóri Bláskógabyggðar

